

1

Maðurinn á stígnum lítur ótrúlega vel út svona í ljósi þess að búið er að skjóta hann tvisvar í höfuðið.

Ofsafengið slagveður næturinnar hefur skolað blóðinu niður í brúna mölina. Annað skotsárið er á miðju enni, rétt yfir nefrótinni, og líkist helst fagurrauðum bindi-bletti eins og hindúakonur skarta. Hitt er á hægra gagnauga til hliðar við hálfopin, blóðhlaupin og brostin augun.

Hinn látni liggur á bakinu með aðra höndina á kviðnum. Hin hvílir skáhallt á mölinni út frá líkamanum. Hægri fótleggur er beinn en vinstra hnéð virðist einhvern veginn snúið. Hann hefur fallið saman eins og spilaborg, hugsar lögreglumaðurinn Martin Junckersen með sér.

Engin ummerki er að sjá í mölinni. Regnið getur vitanlega hafa afmáð þau en ekki er hægt að útiloka að maðurinn hafi verið drepinn annars staðar og síðan verið komið fyrir hér á miðjum stígnum. En hefði fótleggurinn þá verið látinn vera í svona afkáralegri stöðu? Nei, maðurinn liggur þar sem hann féll til jarðar. Hann var drepinn hér, er niðurstaða Junckers.

Ef þetta hefur þá ekki verið sjálfsmorð. Ekkert vopn er hins vegar sjáanlegt. Vitanlega gæti það verið undir líkinu. Eða einhver fjarlæggt það eftir að maðurinn skaut sig. Juncker hefur reyndar reynslu af hinu síðarnefnda. Í máli sem Juncker rannsakaði fyrir nokkrum árum voru það einungis púðuragnir á höndum hins látna sem leiddu til þess að niðurstaðan varð sjálfsmorð en ekki morð. Einhver hafði svo stolið byssunni.

Og svo eru þetta tvö skotsár. Þó að auðvitað megi færa rök fyrir því að fyrra skotið hafi ekki dugað til og hann því neyðst

til að skjóta sig aftur er vægast sagt ólíklegt að sú hafi verið atburðarásin.

Klukkan er ekki nema korter yfir átta en nætursvalinn er nú þegar horfinn upp í blátt himinhvolfið. Hitinn er kominn yfir 20 gráður og þótt ekki séu liðin nema þrjú korter frá morgunsturtunni rennur svitinn í taumum niður bakið á Juncker og dökk skyrtan og nærbuxurnar farnar að klessast við hann. Hvítur samfestingurinn úr loftþéttu gerviefni er svo ekki til að bæta hlutina.

Garnagaulið ómar eins og urr í ofdekruðum kjölturakka. Hann stynur og reynir að kyngja nokkrum sinnum til að hrista af sér eilítinn flökurleika eftir ódýrt beljuraudvínið. Nokkuð sem virðist vera orðinn fastur passi hjá honum á morgnana.

Um það bil þriggja metra breiður malarstígurinn liggur í gegnum endilangan Kilde-garðinn sem er eina samfellda stóra græna svæðið í Sandsted. Meðal íbúa í þessum litla bæ á Suðaustur-Sjálandi er garðurinn aldrei kallaður annað en »Kilderen«, sem er eitt orð yfir sníp, vegna þess að inn á milli trjána gerist eitt og annað. Fyrir 45 árum kynnti fyrsta kærasta Junckers hann fyrir leyndardómum tungukossins og honum er enn í fersku minni sætt bragðið af vörum stúlkunnar og hve óþægilegt honum þótti að hún skyldi troða blautri tungu sinni inn á milli samanbitinna framtanna hans. Það var líka hérna svona mánuði síðar sem sama kærasta – ljósárum á undan honum í þroskaferlinu – handfjatlaði rígsperrtan lim Junckers af færni og framkallaði magnaða og snögga fullnægingu áður en hann svo mikið sem áttaði sig á því hvað hún var að gera þarna niðri.

Skammt frá honum eru einkennisklæddir lögreglumenn á tali við garðyrkjumann sveitarfélagsins sem kom að hinum látna. Juncker, sem langar helst til að skríða inn í skuggann undir stórum krónum beyki- og kastaníutrjána, lítur aftur í átt að líkinu og sest á hækjur sér í grasinu.

Skotsárin eru lítil og næstum sakleysisleg að sjá. Réttarmeinafræðingurinn, Gösta Valentin Markman, sem nú er í bíl sínum

á leiðinni til Sandsted frá Kaupmannahöfn, sagði Juncker einhvern tímann að ummál skotsárs væri næstum alltaf minna en kúlan sjálf vegna teygni húðarinnar. Hann hallar sér fram og skoðar skotsárið á enninu. Hann getur sér þess til að um 22 kalíbera kúlu geti verið að ræða, í öllu falli litla kúlu. Andlit fórnarlambins snýr upp og eftir því sem Juncker fær best séð er ekki blóðblettur undir höfðinu og væntanlega hefur kúlan því ekki farið í gegn. Sama máli gegnir um kúluna sem fór inn um gagnaugað þannig að væntanlega eru báðar kúlurnar í höfðinu. Það bendir til þess að ekki sé um kraftmikil skotfæri að ræða.

Juncker veltir því fyrir sér hvort morðinginn sé í skotfélagi. Flest æfingaskotvopn eru einmitt 22 kalíbera, eða léttvopn eins og þau eru líka kölluð – og félögin nota kraftlítill skotfæri. Þetta er raunar alls ekki fráleitt því að hér í bænum er nokkuð fjölmennt skotfélag. Á hinn bóginn ... gæti hér líka hafa verið atvinnumaður að verki. Einhver sem beitir bara því afli sem þarf, svona »less is more« náungi.

Juncker rís á fætur og kveinkar sér yfir sársauka frá ryðguðum 59 ára hnjáliðnum. Hann ætti að fara til lækni og láta skoða þetta. Það er svo margt sem hann þyrfti að láta lækni skoða. Til dæmis blöðruhálskirtillinn. En hann hefur lesið að endaparmsskoðun sé nánast óumflýjanleg þegar læknir skoðar stærð blöðruhálskirtilsins. Putti á lækni uppi í rassgatinu á honum ...? Það er nú ekki alveg efst á óskalistanum.

En lifrargildin? Það er nú bara blóðprufa. Já, bráðum. Kannski. Hann bandar frá sér þessum dómsdagshugsunum.

Við hliðið lyftir kona hvítu og rauðu plastbandinu sem afmarkar vettvanginn, beygir sig og gengur inn í garðinn. Juncker getur ekki varist brosi þegar hann horfir á Nabihu Khalid marséra ákveðið yfir grasflötina meðfram malarstígunum. Þessi 32 ára aðstoðarvarðstjóri gengur teinrétt í baki, ber höfuðið hátt og myndarlegt kolsvart taglið sveiflast aftan á kolli hennar. Hún fullyrðir að í vegabréfi hennar standi að hún sé 167 sentimetrar á hæð en Juncker hefur hana grunaða um

að hafa teygt vel úr sér í mælingunni og að í raun og veru sé hún ekki svo mikið sem millimetra yfir 164 sentimetrum á hæð sem á sínum tíma var lágmarks inntökuskilyrði í dönsku lögregluna. Hún kastar kveðju á lögreglumennina tvo. Annar þeirra réttir henni hvítan samfesting og plasthlífar fyrir skóna. Hún fer í hlífðarbúnaðinn og heldur áfram för sinni í átt til Junckers og líksins. Þegar hún kemur nær sér hann að dökk, næstum svört, augu hennar geisla af áhuga og hrifningu og hún reynir ekki að leyna því.

Þar til fyrir nokkrum mánuðum starfaði Nabiha ásamt Juncker á lögreglustöðinni í Sandsted. Hún var opnuð á síðasta ári fyrst og fremst vegna vandamála sem tengdust hælisleitendamiðstöð fyrir fylgdarlaus börn sem var skammt utan við bæinn. Mjög hefur hins vegar dregið úr flóttamannastraumnum og miðstöðinni var lokað í apríl.

Þar sem mikill skortur var á mannskap hjá lögreglunni eftir hryðjuverkaárásina í Kaupmannahöfn á Þorláksmessu var skömmu síðar ákveðið að loka líka lögreglustöðinni í Sandsted og Juncker og Nabiha voru bæði flutt í ofbeldisglæpadeildina á aðallögreglustöðinni í Næstved.

Nabiha aðstoðaði Juncker vissulega við rannsóknina á tvöföldu morði á hjónum í Sandsted sem reyndist svo tengjast hryðjuverkaárásinni. En þetta mál er fyrsta morðmálið hennar sem rannsóknarlögreglumaður.

»Góðan daginn,« segir hún og brosir breitt.

Juncker rymur eitthvað sem með góðum vilja má túlka sem »daginn«.

»Jæja,« segir hún og nýr saman höndunum eftirvæntingarfull. »Hvað gerðist?« Hún stígur í átt að líkinu.

»Varlega. Bíddu aðeins ...« Juncker leggur hönd á öxl hennar.

»Svona, rólegur. Ég hafði nú ekki hugsað mér að vaða bara til hans. Ég er ekki asni.« Hún starir reiðilega á hann og hann furðar sig á því, ekki í fyrsta sinn, hve auðveldlega hún rýkur frá gleði til ofsareiði og aftur til baka og allt í sömu andránni.

»Gott,« segir hann.

Hún stendur gleið með krosslagða handleggi og virðir fyrir sér líkið. Maðurinn er í drapplitum kakíbuxum, svörtum stuttermá pólóbol með svarta peysu yfir axlirnar og ermarnar bundnar laust um brjóstakassann. Hann er berfættur í bátaskóm. Þrátt fyrir að líklega séu margir klukkutímar síðan hann dó er húð hans enn hnetubrún með djúpan og kraftmikinn lit sem gefur til kynna að stórum hluta myrkra vetrarmánaða síðustu ára hafi verið varið mun sunnar en í Sandsted. Þykkt stálgrátt hárið er hálsítt eins og hjá listamanni og greitt aftur.

»Sannarlega vel haldinn,« segir hún lágt. »Þessi ber peningana utan á sér.« Hún lítur á Juncker. »Verðum við ekki að byrja á að bera kennsl á hann?«

Juncker strýkur svitann af enninu með handarbakinu, rennir niður rennilásnum á yfirgallanum og tekur fram símann. 8:30. Tæknimennirnir og Markman hljóta að koma eftir hálf tíma eða kannski þrjú korter.

»Við þurfum ekki að eyða tíma í það,« segir hann svo.

»Af hverju ekki?« Nabiha hrukkar ennið.

»Af því að ...« Hann setur símann aftur í vasann, »ég veit hver þetta er.«